



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/396  
komudagur 29. 11. 2006

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. nóvember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (276. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að breyta ýmsum skattaákvæðum.*

Alþingi hafði þegar lögfest að 2% lækkun yrði á tekjuskatti einstaklinga nú um áramótin. Í þessu frumvarpi felst að lögum um tekjuskatt verði breytt þannig að lækkunin verði aðeins 1%. Ef frumvarpið verður að lögum er því verið að hækka skatta á einstaklinga. Enginn rök eru færð fyrir slíkri hækkun í frumvarpinu, heldur er látið duga að vísa til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 22. júní síðastliðnum. Það hlýtur að vera sjálfsgöð krafa að færð séu rök fyrir því þegar til stendur að hækka álögur á landsmenn.

### **Rökleysa**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að þetta sé gert til að tryggja þær efnahagslegu forsendur sem liggja til grundvallar samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega hvað varðar þróun verðlags. Markmiðið er semsagt að slá á þennslu. Slík rök standast ekki. Í frumvarpinu er lagt til að barnabætur, persónuafsláttur, sjómannaafsláttur og vaxtabætur verði hækkaðar. Slíkt hlýtur að vera þennsluhvetjandi og er því mikið innbyrðist ósamræmi í rökunum. Ríkisstjórnin gaf í sumar fyrirheit um frestun framkvæmda til að slá á þennslu en í haust taldi hún ekki lengur þörf á því. Það var einnig fyrirséð að nokkur þennsla yrðu um þetta leyti þegar skattalækkunin var fyrst lögbundin.

Þess vegna er illskiljanlegt af hverju þörf er talin vera á þessari skattalækkun. Þá er heldur ekki fyrirséð annað en að þær tekjur sem hækkunin skapar ríkinu verði eytt af ríkinu. Reynsla síðustu ára sýnir að ríkið er ekki líkleggra til að leggja fé fyrir til að sporna gegn þennslu heldur en einstaklingar. Sú þennsla sem ríkið skapar er engu betra en sú þennsla sem einstaklingar skapa.

### **Komið að einstaklingum**

Stjórnvöldum hefur borið gæfa til að lækka tekjuskattprósentu fyrirtækja, og hefur það gefist vel. Rannsóknir ýmsra, m.a. Stefáns Ólafssonar prófessors, hafa



## VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

hinsvegar sýnt að skattbyrði einstaklinga hefur aukist. Er það vegna þess að tekjuskattprósenta hefur ekki fyllt launabrotun og því ekki lækkað nægjanlega. Ýmsir sérhagsmunahópar þrýsta nú á um tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður. Skattgreiðendur virðast hinsvegar ekki eiga sér neinn málsvara. Það er of algengt í íslenskum stjórnámálum að hagsmunar fárra gangi framar hagsmunum heildarinnar, eins og t.a.m. skattgreiðenda. Viðskiptaráð sér sig því knúið til að mótmæla þessum tillögum harðlega.

**Frekar að lækka skattprósentu en að hækka persónuafslátt**

Tilvist persónuafsláttar leiðir til þess að eftir því sem menn hafa hærri tekjur því hærri hlutfallslega skatta borga menn. Við búum því í raun við skattkerfi með óendanlega mörgum þrepum. Lækkun skattprósentu gengur jafnt yfir alla og er því mun réttlátari en hækkun persónuafsláttar. Skattleysismörk hækka enda sjálfkrafa með lækkun skattprósentu. Hækkun persónuafsláttar eykur jaðarskatta og getur búið til fátæktargildirur. Hækkun persónuafsláttar er auk þess vinnuletjandi á meðan lækkun skattprósentu er vinnuhvetjandi.

**Viðskiptaráð leggur til að 5. gr. frumvarpsins falli brott en gerir á þessu stigi ekki athugasemd við aðrar greinar frumvarpsins.**

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs